

31. janúar 1980.

145

Nr. 104.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Rangár Apóteks.

Samkvæmt heimildum í Reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Rangár Apóteks vera sem hér segir:
Mánudaga — föstudaga kl. 9.15—12.15 og kl. 14.00—17.30.
Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. greinar fyrirnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 31. janúar 1980.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

28. janúar 1980.

Nr. 105.

REGLUGERÐ

um hrognkelsaveiðar.

1. gr.

Allar veiðar á grásleppu í fiskveiðilandhelgi Íslands eru bannaðar nema að fengnu sérstöku leyfi sjávarútvegsráðuneytisins.

2. gr.

Leyfi til grásleppuveiða skulu bundin við báta 12 brúttórúmlestir og minni.

Leyfi til grásleppuveiða eða úthlutun þeirra getur ráðuneytið bundið þeim skilyrðum, er þurfa þykir.

3. gr.

Óheimilt er án leyfis ráðuneytisins að nota við grásleppuveiðar annan bát en þann, sem leyfið er bundið við t. d. til flutnings á afla eða dráttar báta.

4. gr.

Leyfi til grásleppuveiða skulu bundin tíð tilgreint veiðisvæði og veiðitímabil. Veiðisvæðin og veiðitímabilin eru þessi:

- a. Fyrir Suður- og Vesturlandi, frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum að línu réttvísandi vestur frá Öndverðanesi, er veiðitímabilið frá 18. apríl til 17. júlí.
- b. Í Breiðafirði frá línu réttvísandi vestur frá Öndverðanesi að línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum, er veiðitímabilið frá 25. apríl til 25. júlí.

B 19

- c. Fyrir Vestfjörðum frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum að línu réttvísandi norður frá Horni, er veiðitímabilið frá 18. apríl til 17. júlí.
- d. Í Húnaflóa frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi norður frá Skagatá, er veiðitímabilið frá 1. apríl til 30. júní.
- e. Fyrir norðurlandi frá línu réttvísandi norður frá Skagatá að línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi, er veiðitímabilið frá 10. mars til 8. júní.
- f. Fyrir Austurlandi frá línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi að línu réttvísandi austur frá Hvítungum, er veiðitímabilið frá 20. mars til 18. júní.

Bannað er að leggja grásleppunet fyrir upphaf veiðitímabils og ávallt skulu öll grásleppu- og rauðmaganet ásamt hólfærum dregin úr sjó fyrir lok veiðitímabils, sbr. 8. gr.

Óheimilt er að salta hrogn úr grásleppu, sem fæst í rauðmaganet fyrir upphaf leyfilegs tímabils grásleppuveiða.

Ráðuneytinu er heimilt í veiðileyfi að takmarka veiðitíma og veiðisvæði ennfrekar en gert er í reglugerð þessari.

Ráðuneytinu er heimilt í veiðileyfum báta frá ákveðnum byggðarlögum að víkja frá ofangreindum ákvæðum um veiðisvæði og veiðitíma, ef sérstakar ástæður þykja til vegna veiða þeirra undanfarin ár eða t. d. hafis hefur tálmað veiðar þeirra.

5. gr.

Öll grásleppuhrogn skulu söltuð í vinnslustöð í landi, sem viðurkennd hefur verið af Framleiðslueftirliti sjávarafurða. Öll söltun grásleppuhrogna um borð í bátum er bönnuð.

6. gr.

Bátum er grásleppuveiðar stunda er óheimilt að stunda jafnframt þorsfiskveiðar í net.

7. gr.

Sé einn maður á bát, er bannað að eiga fleiri en 40 hrognkelsanet í sjó.

Séu tveir menn í áhöfn, skulu net ekki fleiri en 80.

Séu þrír menn í áhöfn, skulu net ekki fleiri en 120.

Aldrei er heimilt að eiga fleiri en 150 net í sjó.

Takmörkun þessi á netafjölda miðast við 120 faðma ófellda slöngu, og fjölda starfandi sjómanna um borð í veiðiskipi.

8. gr.

Lágmarksmöskvastærð grásleppuneta, sem heimilt er að nota er 10 ½ þumlungur (266,7 mm).

Við ákvörðun á, hvort um grásleppunet eða rauðmaganet sé að ræða, verður svo litið á, að öll net, sem eru með stærri möskva en 8 þumlungar (203,3 mm) séu grásleppunet.

Þegar möskvi er mældur, skal hann teygður horna á milli eftir lengd netsins og skal þá flöt mælistika, sem er jafnbreið leyfilegri möskvastærð og 2 mm þykk komast auðveldlega í gegnum möskvann. Netið skal mælt vott.

9. gr.

Netabaujur skulu á háðum endum netatrossu og skulu allar netabaujur merktar með flaggi, sem komið er fyrir efst á baujustönginni. Á flaggið skal mála umdæmisbókstafi og tölur þess báts, sem notar netið. Sé bátur ekki skráður, skal flaggið merkt þannig, að greina megi hver sé eigandi netanna.

10. gr.

Allir þeir, sem grásleppuveiðar stunda skulu senda Fiskifélagi Íslands skýrslur um veiðarnar. Skili aðilar ekki skýrslum tveim mánuðum eftir lok vertíðar, fá þeir ekki leyfi til grásleppuveiða á næstu vertíð á eftir, sæki þeir um leyfi þá. Sama gildir veiti aðilar vísvitandi rangar upplýsingar í skýrslu.

11. gr.

Auk almenns eftirlits Landhelgisgæslu með veiðum og veiðarfærum hafa eftirlitsmenn ráðuneytisins eftirlit með því, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt, og er skylt að gera þessum aðilum kleift að gera þær athuganir á veiðarfærum, sem þessir aðilar telja nauðsynlegar.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976. um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 108 23. febrúar 1978, um grásleppuveiðar.

Bráðabirgðaákvæði.

Drátt fyrir ákvæði 2. gr. og 4. gr. reglugerðar þessarar er ráðuneytinu heimilt á vertíðinni 1980 að veita aðilum leyfi til grásleppuveiða á báta, sem stærri en 12 brúttórúmllestir í tilraunaskyni. Leyfi þessi skulu bundin við þá aðila, sem undanfarin 3 ár hafa fengið leyfi á báta stærri en 12 brúttórúmllestir, og skulu þau takmörkuð við veiðisvæði, sem yrðu að öðrum kosti vannýtt.

Sjávarúvegsráðuneytið, 28. janúar 1980.

Kjartan Jóhannsson.

Jón B. Jónasson.

4. febrúar 1980.

Nr. 106.

REGLUGERÐ

um takmarkanir á þorskveiðum í febrúar—apríl 1980.

1. gr.

Skuttogurum með aflvél 900 bremsuhestöfl og stærri og togskipum, sem eru 39 metrar og lengri, eru bannaðar þorskveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi í 27 daga samtals á tímabilinu frá 1. febrúar til 30. apríl 1980. Útgerðaraðilar geta ráðið tilhögun þessara veiðitakmarkana þó þannig, að hvert skip skal láta af þorskveiðum ekki skemur en 9 daga í senn.